

Alþingi
Erindi nr. P 140/2338
komudagur 7.5.2012

-----Original Message-----

From: Einar Albertsson [<mailto:moment@simnet.is>]
Sent: 7. maí 2012 22:13
To: Ritstjóri vefsins
Subject: Vernd og orkunýting landsvæða.

Berist til Atvinnuveganefndar og Umhverfisnefndar

"Ég, Einar Albertsson. kt. 3003574239, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðin í Reykjanesfólkvangi séu sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og alþjóðaflugavallar sem þar sem meira en milljón farþegar fara árlega. Alls búa 2/3 íslendinga í minna en 30 mínútna akstri frá Reykjanesfólkvangi og þangað sækja þeir jafnt sem ferðamenn til að njóta einstakrar náttúru. Líkur benda til að hátt í 200.000 manns heimsæki Reykjanesfólkvang árllega. Sérlega alvarleg eru áform um að virkja í Sveifluhálsi en um 130.000 ferðamenn heimsóttu jarðhitasvæðið í Seltúni, Krýsuvík síðasta sumar sem er aðgengilegasta háhitasvæði landsins og Kleifarvatn er einstakt á heimsmælikvarða.

Nú þegar eru 4 jarðvarmavirkjanir á Reykjaneskaga. Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er tímaskekkja og í andstöðu við þá miklu hagsmuni sem felast í þróun ferðaþjónustu á Reykjaneskaga.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, eins og smækkuð mynd af Lakagígum. Loks er ljóst að áform um jarðvarmavirkjun í Stóru-Sandvík mun skaða það áhugaverða umhverfi verulega og koma í veg fyrir atvinnuþróun af öðrum toga.

Þá er ljóst að jarðvarmavirkjanir nýta aðeins brot af þeirri orku sem kemur úr iðrum jarðar sé einvörðungu virkjað til raforkuframleiðslu. Nær er að nota næstu ár til að læra um jarðvarmann, gera nýtingu hans sjálfbæra, finna lausnir á loftmengun, niðurdælingum og affallsvatni. Auk þess sem skammt er að biða niðurstaða um árangur af djúpbörunum á norðurlandi.

Undirritaður Einar Albertsson.

--

Using Opera's revolutionary email client:
<http://www.opera.com/mail/>